

Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga

Tómthúsið, innviðaráðuneyti

10. janúar 2024

Mætt: Hermann Sæmundsson, Aðalsteinn Þorsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Björn Þór Hermannsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Arnar Þór Sævarsson, Dagur B. Eggertsson og Anna G. Ólafsdóttir.

1. Endurskoðun sveitarstjórnarlaga – Björn Ingi Óskarsson, lögfræðingur, flytur stutta kynningu um verkefnið í gegnum teams-fjarfundabúnað.

Fram kom að verkefninu væri skipt í fernt, (1) almennar umbætur, (2) birtingu reglna, x. kafla sveitarstjórnarlaga og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa, (3) fjármálakafli og (4) atvinnuþáttöku sveitarfélaga. Stefnt væri að því að kynna tillögur um endurskoðun hvers hluta fyrir sig fyrir sveitarstjórnnum og almenningi í mars. Í framhaldi af því myndu verkefnisstjórar (einn frá ráðuneytinu/annar utanaðkomandi) vinna fullbúið frumvarp með ráðgefandi vinnuhópi til framlagningar á Alþingi í haust. Samþykkt var að Jónsmessunefnd fengi sérstaka kynningu á tillögum um endurskoðun laganna þegar tillögurnar lægju fyrir innan fárra mánaða.

2. Fjármálaáætlun – tímalína og samningur milli ríkis og sveitarfélaga – Björn Þór Hermannsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

Fram kom að vinna við fjármálaáætlun væri hafin og myndi fara fram með hefðbundnum hætti á næstu vikum. Stefnt væri að því að umræða um áætlunina færi fram á Alþingi 19. og 20. mars eða um viku fyrr en venjulega vegna tímasetningar páska á yfirstandandi ári. Miðað er við að áætlunin liggi fyrir eigi síðar en 15. mars.

Jafnframt kom fram að brýnt væri að skipa nokkra nýja fulltrúa í samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál til að hægt væri að ýta úr vör vinnu við samkomulag ríkis og sveitarfélaganna samkvæmt 11. gr. laga um opinber fjármál og fleiri verkefni. GÖ sagði að gengið yrði í að skipa nýja fulltrúa í nefndina og boða til fundar hið fyrsta.

3. Málefni fatlaðs fólks, hópar og vinnan fram undan – Arnar Þór Sævarsson o.fl.

Fjallað var stuttlega um samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk frá 15. desember í fyrra. Í framhaldi af því urðu fulltrúar í nefndinni sammála um að óska eftir kynningu frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti á starfi vinnuhópa um þjónustu við börn með fjölbættan vanda, öryggisvistunar, NPA og búsetu fyrir fatlaða á grundvelli samkomulagsins. HS fól AGÓ að óska eftir slíkri kynningu á næsta fundi nefndarinnar.

3. Viðmið um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og líkön Analytica, hlutverk og staða – Anna G. Ólafsdóttir rifjar upp minnisblað um viðmið og fjallar um líkan um sjálfbærni og spálíkan um tekjur.

Í minnisblaðinu er vakin athygli á ólíkum viðmiðunum um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og bent á að talsvert hagræði myndi skapast af því að stjórnsýslustigin kæmi sér saman um eitt, sameiginlegt viðmið.

Fram kom að samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál hefði átt frumkvæði að því að þróað var sjálfbærnilíkan á vegum Analytica árið 2018. Mikið hefði verið lagt í líkanið og væri hægt að lesa út úr því dýrmætar upplýsingar um fjárhag sveitarfélaganna til loka ársins 2019 ásamt framtíðarspá. Fram kom að talsverðir möguleikar væru fólgnir í áframhaldandi þróun líkansins, t.a.m. hvað varðar sjálfbærni fjárfestingaverkefna sveitarfélaga. Á hinn bóginn hefði líkanið ekki verið uppfært frá þeim tíma, m.a. vegna kostnaðar við uppfærslu þess.

Í kjölfar umræðunnar samþykktu fulltrúar í nefndinni að óska eftir því að samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga gerði tillögu um sameiginlegt viðmið um fjárhagslega sjálfbærni. BPH lagði til að nefndin myndi jafnframt skoða líkan Analytica í samhengi við líkan um opinber fjármál.

Fulltrúar sveitarfélaganna samþykktu tillögu HS þess efnis að Samband íslenskra sveitarfélaga myndi greina og gera tillögu um framtíð líkansins. Í máli fulltrúa sveitarfélaganna kom fram að mikilvægt væri að sameiginlegur skilningur ríkti um grundvallarhugtök eins og fjárhagslega sjálfbærni og mikilvægt væri að fyrir lægju vandaðar upplýsingar um rekstur og þróun í rekstri sveitarfélaganna.

4. Fundur í samræmi við 128. gr. sveitarstjórnarlaga um samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga (umræður um hvort/hvenær halda eigi fundinn): *Samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga skal funda að lágmarki einu sinni á ári. Fast sæti á fundum samstarfsráðsins eiga ráðherra sveitarstjórnarmála og fjármálaráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Aðrir ráðherrar sitja fundi samstarfsráðsins eftir því sem tilefni er til hverju sinni.*
Fundarliðnum var frestað að sinni.

5. Kjaraviðræður

Fram fór umræða um framlag ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar til komandi kjarasamninga.

6. Undirnefndir

Að lokum var rætt um nauðsyn þess að kortleggja, tryggja endurnýjun og starfshæfni undirnefnda Jónsmessunefndar.

Fundurinn stóð yfir frá 13.00 til 14.30.